

FUNDARGERÐ

111. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins fimmtudaginn 11. september 2008 kl. 12¹⁵ –13⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE)
Már Karlsson (MK), fundarritari.
Guðlaugur Sverrisson (GSv) undir lið 3.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.

Fjarverandi: Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Í upphafi fundar bauð formaður Sigurð Örn Guðleifsson velkominn í stjórn Úrvinnslusjóðs. Um leið kvaddi hann Sigurð Jónsson og þakkaði honum fyrir vel unnin störf. Sigurður Jónsson þakkaði samstarfið og sagðist mundu verða í nánum tengslum við Úrvinnslusjóð vegna starfa sinna að söfnun og endurnýtingu raftækja. Því næst stakk formaður upp á nýjum varaformanni í stað Sigurðar.

Bryndís Skúladóttir var samþjóða kjörin varaformaður stjórnar að uppástungu formanns.

1. Fundargerð.

Lagðar fram fundargerðir tveggja síðustu funda (109. og 110.).

2. Erindi varðandi blandaðan úrgang sem sendur er út til flokkunar og endurvinnslu.

Áframhaldandi umræða um erindi Sorpu frá 14.5.2008. Skv. nýjum upplýsingum um málið verður allur úrgangur, sem sendur yrði til Svíþjóðar, flokkaður og vigtaður að flokkun lokinni.

Með hliðsjón af nýjum upplýsingum telur stjórnin óþarft að taka afstöðu til upphaflegrar beiðni enda virðist framkvæmdin falla að skilmálum Úrvinnslusjóðs.

3. Endurvinnsluvika

Endurvinnsluvikan verður sett af umhverfisráðherra n.k. föstudag í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

4. Könnun á umfangi og viðhorfi almennings til endurvinnslu.

Kynntar niðurstöður viðhorfsrannsóknar Capacent-Gallup fyrir Úrvinnslusjóð: Umfang og viðhorf til endurvinnslu almennings.

5. Árangursstjórnarsamningur

Kynnt voru drög að árangursstjórnarsamningi við umhverfisráðuneytið.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Þjónustuaðilar

Félagsbúið Hallfreðsstöðum II, kt. 420693-2229, sækir um að gerast þjónustuaðili fyrir heyrúlluplast.

Samþykkt.

6. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður 23. sept. kl. 14:00 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs